

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 215/1995.

Arnar F. Halldórsson

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

Bifreiðar. Slysatrygging ökumanns. Skaðabætur. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1995. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.644.900 krónur ásamt ársvöxtum sem hér segir: 3% frá 28. ágúst 1990 til 1. október sama árs, 2,5% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama árs, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama árs, 7% frá þeim degi til 11. október sama árs, 4% frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 3,75% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,5% frá þeim degi til 1. desember sama árs, 3% frá þeim degi til 11. febrúar 1992, 1% frá þeim degi til 30. júní 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á fjárhæðum.

I.

Eins og greinir í héraðsdómi, mat Júlíus Valsson læknir 12. mars 1992 varanlega læknisfræðilega örorku af völdum slyss áfrýjanda 5%. Að ósk stefnda voru tveir menn dómkvaddir til þess að meta meðal annars, hver varanleg læknisfræðileg örorka gagnáfrýjanda væri vegna slyssins. Hinir dómkvöddu menn, læknirinn Jóhann Tómasson og Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður, luku matsgerð 10. júní 1994.

Júlíus Valsson læknir skoðaði áfrýjanda 26. febrúar 1992, og er

lýsing hans á ástandi áfrýjanda svohljóðandi: „Slasaði er hraustlegur. Vöðvabygging er eðlileg. Það eru óhindraðar hreyfingar í hálsliðum, en dálítið stirðar, sérstaklega beyging fram á við og snúningur. Það eru eymsli yfir réttivöðvum hálsins og vöðvabólgur á herðum. Tauga- og æðaskoðun á höndum og fótum er eðlileg.“ Í ályktun læknisins segir, að slasaði sé ennþá með einkenni, sem rekja megi til umferðarslyssins 28. ágúst 1990. Einkennin séu aðallega höfuðverkur og eymsli og stirðleiki aftan til í hálsi, og versni þetta við hreyfingar og átök.

Matsmaðurinn Jóhann Tómasson skoðaði áfrýjanda 14. apríl 1994. Í matsgerð hans og Loga Guðbrandssonar segir svo um skoðunina: „Hann er stæltur og hraustlegur. Hann virkar fremur óruggur og spenntur. Hálshreyfingar eru eðlilegar, activt, passivt og gegn mótstöðu, sársaukalausar. Axlahreyfingar eru eðlilegar. Kraftar, reflexar og skyn í efri útlimum er eðlilegt. Bak er eðlilegt. Neðri útlimir eðlilegir. Það er lítið eitt aukin thoracalkyphosa. Dauft systolískt – diastolískt óhljóð heyrist yfir hjarta og leggur upp í hálsæðar.“ Í matsgerðinni kemur einnig fram, að áfrýjandi segist oft vera með höfuðverk, sem leiði stundum niður í axlir, þegar verst láti. Einnig kvarti hann um nánar tilgreind óþægindi frá hálsi. Matsmennirnir telja einkenni, sem áfrýjandi hafði við skoðunina, „þess eðlis, að þau þurfa ekki að stafa frá slysi og geta allt eins stafað af öðru en slysinu 28. ágúst 1990“. Telja matsmenn, að hvorki liggi fyrir gögn um tímabundna né varanlega læknisfræðilega örorku vegna slyssins.

Svo sem fyrr segir, stóð að matsgerð þessari einn sérfróður maður um læknisfræði. Í matsgerðinni er tekið fram, að ekki hafi verið gert líklegt í þeim gögnum, sem fyrir liggi, að einkenni áfrýjanda stafi frá slysinu. Hér er hins vegar á það að líta, að í málinu hafa ekki komið fram haldbær gögn, sem bendi til, að einkenni áfrýjanda verði rakin til annars en slyssins í ágúst 1990. Eins og málsgögnum er háttað, þykir stefndi ekki hafa gert sennilegt, að aðrar ástæður en slysið valdi sjúkdómseinkennum áfrýjanda. Þykir þegar af þeirri ástæðu verða að hafa hliðsjón af fyrrgreindu örorkumati Júlíusar Valssonar læknis. Verður því í samræmi við venju miðað við mat hans á varanlegri læknisfræðilegri örorku, þegar tjón áfrýjanda er metið, enda liggja ekki fyrir í málinu upplýsingar, sem veita sérstaka ástæðu til að víkja frá læknisfræðilegu mati.

II.

Af hálfu áfrýjanda var lagður fram útreikningur, sem Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur gerði 26. maí 1992.

Áfrýjandi krefst 270.600 króna í bætur fyrir tímabundið atvinnutjón. Krafan styðst við nefndan útreikning, en til grundvallar honum er lagt mat Júlíusar Valssonar á tímabundinni örorku. Engar viðhlítandi upplýsingar liggja fyrir í málinu um, hve lengi áfrýjandi var frá vinnu vegna slyssins eða hvort hann missti laun vegna þess. Verður þessi krafa því ekki tekin til greina.

Bótakrafa fyrir fjártjón af varanlegri örorku miðast einnig við framangreindan útreikning tryggingafræðings. Telur hann höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps áfrýjanda nema 1.013.500 krónum. Til grundvallar útreikningi taps á 19.–25. aldursári voru lagðar tekjur samkvæmt kaupþóxtum verkamanna eftir kjarasamningum, en frá og með 26. aldursári var útreikningur miðaður við meðaltekjur iðnaðarmanna eftir skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Verðmæti misstra lífeyrisréttinda telur tryggingafræðingurinn vera 60.800 krónur.

Áfrýjandi gerir kröfu um bætur fyrir miska, að fjárhæð 300.000 krónur. Fyrir Hæstarétti féll lögmaður stefnda frá andmælum varðandi rétt áfrýjanda til miskabóta að öðru leyti en því, að hann taldi kröfuna of háa.

Eins og örorku er háttað, þykir rétt að ákveða bætur til áfrýjanda vegna varanlegra afleiðinga slyssins í einu lagi 900.000 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar er kveðið á í dómsorði.

Það athugist, að rekstur málsins í héraði dróst úr hömlu af ástæðum, sem varða stefnda. Er það aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði áfrýjanda, Arnari F. Halldórssyni, 900.000 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 3% frá 28. ágúst 1990 til 1. október sama árs, 2,3% frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 2,5% frá þeim degi til

1. janúar 1991, 3,2% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 4% frá þeim degi til 1. febrúar sama árs, 4,7% frá þeim degi til 1. júní sama árs, 5,8% frá þeim degi til 1. ágúst sama árs, 6,3% frá þeim degi til 1. október sama árs, 5,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 3,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama árs, 2,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1% frá þeim degi til 30. júní 1992. Frá þeim degi greiði stefndi dráttarvexti af fyrrgreindri fjárhæð samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði, en 150.000 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 9. febrúar 1993, af Arnari Frey Halldórssyni, Hábergi 28, Reykjavík, gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.661.085 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 28. ágúst 1990 lenti stefnandi, sem var ökumaður bifreiðarinnar P-2616, í árekstri við bifreiðina R-1421 í Fellsmúla á mótis við Hjólbarðahöllina. Stefnandi kveður áreksturinn hafa orðið með þeim hætti, að Karl Sveinsson, eigandi og ökumaður bifreiðarinnar R-1421, hefði ekið á bifreið sína. Bifreið stefnanda var tryggt hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Stefnandi heldur því fram, að við áreksturinn hafi hann slasast og farið til

skoðunar hjá heimilislækni sínum. Hafi þar komið í ljós, að hann hefði fengið slæman hálshnykk. Meðferðin, sem hann hafi fengið, hafi verið hiti, hljóðbylgjur, mjúkpartameðferð og síðan sjúkrahjálfun.

Rúmu ári eftir árekstur þennan var Júlíus Valsson tryggingalæknir fenginn til að meta örorku stefnanda, og mat hann hana 100% í fjóra mánuði, 50% í tvo mánuði og varanlega örorku 5%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur var síðan fenginn til þess að meta tekjutjón stefnanda í samræmi við mat tryggingalæknisins. Mat hann vinnutekjutap stefnanda vegna tímabundinnar örorku 270.600 kr., vegna varanlegrar örorku 1.013.500 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 60.800 kr.

Stefnandi kveðst hafa lagt fram kröfu á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf. 30. maí 1992, en tryggingafélagið hafi hafnað kröfunni og boðið fram verulega lægri bæt看 á grundvelli nýrra útreikningsaðferða tryggingafélaganna.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar því, að hann hafi verið tryggður hjá stefnda með ökumannstryggingu skv. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og eigi tryggingin að bæta það tjón, er stefnandi varð fyrir við tjónsatburðinn.

Stefnufjárhæð, 1.661.085 kr., sé þannig sundurliðuð:

270.600 kr. vegna tímabundinnar örorku, 1.013.500 kr. vegna varanlegrar örorku, 60.800 kr. vegna tapaðra lífeyrisréttinda, 300.000 kr. í miskabætur og 16.185 kr. vegna útlagðs kostnaðar stefnanda.

Krafist sé vaxta, sem samsvari vöxtum af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands af örorku- og miskabótum frá tjónsdegi til 30. júní 1992, en dráttarvaxta af miskabótum ásamt útlögðum kostnaði frá þeim degi. Dráttarvaxta sé krafist samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands, eins og þeir eru hverju sinni.

Auk beins fjárhagslegs tjóns hafi stefnandi orðið fyrir miklum óþægindum og þjáningum vegna meiðsla sinna, og sé ekki séð fyrir endann á þeim. Þykir því fjárhæð miskabótakröfu, 300.000 kr., varlega áttluð.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að stefnandi hafi sjálfur átt sök á árekstrinum. Stefnandi hafi ekki hlotið neitt varanlegt mein af árekstrinum, og geti krafa hans einungis verið miskakrafa, en hana geti hann ekki fengið greidda úr tryggingunni, enda miskakrafa bundin því lagskilyrði skv. 264. gr. almennra hegningarlaga, að um meingerð sé að ræða. Menn geti ekki átt miskakröfu á sjálfa sig.

Varakrafa er studd þeim rökum, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir varanlegri örorku. Er því mótmælt, að stefnandi hafi hlotið þá meinsemd í slys-

inu, sem Júlíus Valsson meti til örorku, og á það bent, að stefnandi vinni við múrverk, og sé allt eins líklegt, að vöðvabólgan hljóttist af rangri beitingu líkamans, eins og alþekkt sé. Þá er á það bent, að örorkumat sé gert allt of fljótt, en ekki sé talið „lege artis“ að meta menn til örorku svo fljótt sem gert var, nema um auðsæ varanleg örkuml sé að ræða, eins og t. d. missi fingurs.

Því er og haldið fram, að tekjutap af völdum örorkunnar hafi ekkert verið og verði ekkert, en metin örorka stefnanda verði honum ekki til tekjumissis til frambúðar.

Niðurstaða.

Í ályktun í örorkumati Júlíusar Valssonar læknis segir eftirfarandi:

„Slasaði er tvítugur maður og var ökumaður fólksbifreiðar, er lenti í árekstri á Fellsmúla í Reykjavík. Mun hann hafa hlotið hálstögnun, og þrátt fyrir sjúkraþjálfun og að töluvert langt er nú liðið, frá því að áðurnefnt slys varð, hefur slasaði ekki náð sér að fullu. Er hann ennþá með einkenni, sem rekja má til þessa umferðarslyss. Eru þetta aðallega höfuðverkir og eymsli og stirðleiki aftan til í hálsi, sem versna við hreyfingar og átök. Þetta háir honum töluvert við vinnu, og hefur hann misst úr vinnu vegna óþæginda eftir slysið.“

Júlíus bar fyrir dómi, að þegar matið fór fram, hefði hann haft undir höndum tjónstilkynningu, þar sem fram komi, að talsverðar skemmdir hafi orðið á bifreiðunum. Stefnandi hafi leitað læknis vegna hálshnykksáverka og einnig til sjúkraþjálfara. Einkenni hafi bent til þess, að um hálshnykk væri að ræða. Taldi hann sjúkrasögu stefnanda og einkenni eindregið benda til þess, að um væri að ræða hálshnykk eftir árekstur eða hálstögnun og ekkert í sögu stefnanda benti til, að einkennin stöfuðu af öðru.

Að beiðni stefnda voru dómkvaddir tveir matsmenn, þeir Jóhann Tómasson læknir og Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður. Samkvæmt matsbeiðni var þeim falið að meta, hvort stefnandi hefði af völdum árekstrarins orðið fyrir eða muni til frambúðar verða fyrir raunverulegri skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, þegar litið sé til menntunar hans, kunnáttu, starfsorku og þeirra kosta, sem hann eigi til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt sé að ætlast til, að hann starfi við, eða hver fjárhagsleg örorka hans sé. Jafnframt var að því spurt, hvort matsmenn féllust á örorkumat Júlíusar Valssonar frá læknisfræðilegum sjónarmiðum.

Í ályktun matsmanna segir eftirfarandi:

„Enda þótt Arnar segist hafa farið til heimilislækis síns „eftir nokkra daga, kannski hálfan mánuð“ og læknirinn vísað honum í sjúkraþjálfun, bendir ekkert til þess, að hann hafi í raun leitað lækis á þessum tíma.

Matsmenn hafa aflað upplýsinga um komur Arnars á heilsugæslustöðina í Mjódd, en þar kemur fram, að fyrsta koma var 16. ágúst 1991, nærri ári eftir slysið.

Næst kemur hann til læknis 4. október 1991, sbr. dskj. nr. 4, og fær þá beiðni um sjúkraþjálfun, sem hófst 18. október 1991, sbr. dskj. nr. 5. Í dómsmálinu er ekki að finna nein önnur gögn um meiðslin en dskj. nr. 4 og 5.

Einkenni þau, sem Arnar hefur nú, eru þess eðlis, að þau þurfa ekki að stafa frá slysi og geta allt eins stafað af öðru en slysinu 28. ágúst 1990. Hefur ekki verið gert líklegt í þeim gögnum, sem fyrir liggja, að einkennin stafi af slysinu. Er niðurstaða okkar sú, að Arnar Freyr Halldórsson hafi ekki hlotið nein sjáanleg varanleg mein af því slysi.

Ekki hefur komið fram, að Arnar Freyr hafi verið frá vinnu tímabundið vegna slyssins.“

Í niðurstöðu matsgerðarinnar segir síðan, að matsmenn telji, að Arnar Freyr hafi af völdum nefnds slyss ekki orðið fyrir og muni ekki verða fyrir raunverulegri skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, hvort sem er tímabundið eða varanlega. Þá segir jafnframt, að þeir fallist ekki á örorkumat Júlíusar Valssonar læknis og telji, að hvorki liggi fyrir gögn um tímabundna né varanlega læknisfræðilega örorku af völdum slyssins 28. ágúst 1990.

Við yfirheyrslu fyrir dómi bar Jóhann Tómasson læknir, að hann teldi einkenni stefnanda af þeim toga, sem læknar kalli vöðvagikt. Bar hann jafnframt, að slík einkenni sæi hann hjá ýmsum á hverjum degi, án þess að þeir hafi lent í slysum.

Eins og fram er komið, lenti stefnandi í árekstri 28. ágúst 1990. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi leitað til heimilislæknis síns eftir slysið. Fyrir dómi bar hann, að það hefði verið tveimur til þremur mánuðum eftir slysið, en í örorkumati Júlíusar Valssonar kemur fram, að það hafi verið um það bil tveimur vikum eftir slys. Hins vegar hafa engin gögn verið lögð fram, er sýni, að stefnandi hafi leitað læknis fyrr en 4. október 1991, sbr. vottorð Sigurbjörns Sveinssonar, sérfræðings í heimilislækningum, rúmu ári eftir að stefnandi lenti í árekstrinum.

Örorkumat Júlíusar Valssonar er gert rúmu einu og hálfu ári eftir áreksturinn og styðst að miklu leyti við frásögn stefnanda sjálfs.

Fram er komið, að læknana Júlíus Valsson og Jóhann Tómasson greinir á um orsakir þeirra meina, er hrjá stefnanda. Ekki þykir því unnt að þvertaka, að stefnandi hafi fengið hálshnykksáverka, sem leiði til þess meins, sem hann kennir sér, en engin gögn liggja hins vegar fyrir í málinu, er sýni fram á, að rekja megi áverka þennan til árekstrarins, sem stefnandi lenti í árið 1990.

Þegar framanritað er virt, þykir því verða að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Arnar F. Halldórssonar.

Málskostnaður fellur niður.
